



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 17. september 2009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða, 147. mál.

Samtök iðnaðarins styðja eindregið að matvælaeftirlit í landinu verði samræmt og gert skilvirkara og að sömu reglur gildi á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, frá hafi og haga til maga. Samkvæmt frumvarpinu er kveðið skýrt á um að Matvælastofnun skuli hafa yfirumsjón með matvælaeftirliti heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og að stofnunin skuli gefa út leiðbeiningar og viðmiðunarreglur til að tryggja samræmt eftirlit. Þetta telja Samtökin vera skref í rétta átt en augljóst er að mikið óhagræði felst í því að matvælaeftirlit í landinu skuli vera á hendi svo margra aðila. Samtökin telja að skrefið eigi að stíga til fulls og færa allt opinbert matvælaeftirlit undir Matvælastofnun. Einnig telja Samtökin mikilvægt að heimildir til að fela faggiltum skoðunarstofum matvælaeftirlit verði nýttar þar sem það á við.

Samkvæmt hinni nýju löggjöf á matvælaeftirlit að byggjast á áhættumati. Jafnframt er gefið í skyn að innra eftirlit fyrirtækja geti verið þáttur í opinberu eftirliti. Samtökin leggja áherslu á að skýrar heimildir verði í lögnum til að draga úr opinberu eftirliti hjá fyrirtækjum sem hafa innra eftirlit í góðu lagi og þar sem áhætta er lítil.

Í frumvarpinu er fjallað um kostnað við matvæla- og fóðureftirlit og ljóst er að heildarkostnaður við eftirlitið mun aukast umtalsvert. Útgangspunktur í þessari nýju löggjöf er neytendavernd og verður að teljast eðlilegt að hið opinbera standi að stórum hluta straum af hinum aukna kostnaði. Í frumvarpinu eru heimildir til að taka sérstakt tillit til þarfa fyrirtækja með litla framleiðslu og sem búa við sérstakar landfræðilegar aðstæður. Færa má rök fyrir því að öll íslensk fyrirtæki falli í þennan flokk í samanburði við risavaxna erlenda samkeppnisaðila. Því leggja Samtökin áherslu á að ráðherra nýti þessar heimildir eins og kostur er og að eftirlitsgjöldum verði eins stillt í hóp og löggjöfin framast leyfir.

Samtökin leggja mikla áherslu á að ráðherra hafi samráð við hagsmunaaðila við setningu gjaldskrár fyrir opinbert eftirlit og fagna því að inn í frumvarpið frá í fyrra hefur verið bætt ákvæði um að leitað skuli umsagnar hagsmunaaðila. Samráð verður að hafa við hagsmunaaðila hvort sem um er að ræða gjaldskrár vegna eftirlits Matvælastofnunar eða heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Að öðru leyti vísa Samtök iðnaðarins til fyrri umsagna um frumvörp sama efnis og lýsa yfir stuðningi við umsögn Samtaka atvinnulífsins og fleiri samtaka varðandi skipan matvælaeftirlits, skráningarskyldu og eftirlitsgjöld.



Samtökin fara eindregið fram á að taka þátt í þeirri endurskoðun á heildarlöggjöf um matvæli sem blasir við verði þetta frumvarp að lögum. Jafnframt óska Samtökin eftir að fá rúman umsagnarfrest um Evrópureglugerðirnar, sem hér um ræðir, þegar þær verða innleiddar í íslenska löggjöf.

Virðingarfyllst,
SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in blue ink that reads 'Jón Steindór'.

Jón Steindór Valdimarsson,
framkvæmdastjóri

A handwritten signature in blue ink that reads 'Ragnheiður Hétinsdóttir'.

Ragnheiður Hétinsdóttir,
forstöðumaður matvælasviðs